



Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

10.september.2012

Mættir:

Haraldur Eyvinds - formaður	Borghildur Erlingsdóttir - Kraftlyftingadeild
Guðjón Norðfjörð – gjaldkeri	Hildur S. Aðalsteinsdóttir - fimleikadeild
Unnur Halldórsdóttir – ritari	Gunnar Gíslason - handknattleiksdeild
Guðrún Kaldal boðaði forföll	Hilmar Sigurðsson – fótboltadeild
Bjarni Torfi Álfþórsson - verkefnastjóri	

Dagskrá:

1. Yfirlit deilda.
2. Ráðning verkefnastjóra
3. Skráningardagar/ greiðslur iðkendagjald
4. Heimasíða greinaskil
5. Tölvur
6. Handbolti/ fótbolti æfing beggja greina
7. Önur mál

-
1. Yfirlit deilda.

Knattspyrnudeildin: Búið að ráða alla þjálfara nema í mfl.kk.

Handboltinn: Allt að fara af stað í handboltanum. Mfl.kvk vann UMSK mótið.

4.fl.kk og kvk. fer á Partille Cup næsta sumar spurning með 5.fl.

Fimleikadeildin: Met skráning í fimleikadeildin 482 börn skráð í deildina og 100 á biðlista.

Hefur gengið vel að manna allar þjálfarastöður. Stefna á að klára foreldrafundi fyrir 5.okt.

Kraftlyftingadeild: Mót næstu helgi og við erum með 13 keppendur í kk og kvk flokki. Eigum mikla möguleika að vinna liðamótið. Bekkpressumót verður haldið sameiginlega hjá Gróttu og Zetorunum 6.okt. í stóra salnum.

2. Bjarni Torfi ráðin til Gróttu sem rekstrarstjóri. Gunni biður um starfslýsingu yfir starf verkefnastjóra, sú starfslýsing er í vinnslu. Gunni hefur áhyggjur um að árekstur gæti orðið á milli þess að Bjarni sé að semja fyrir Gróttu og sé í bæjarstjórn. Fleiri aðilar inna Gróttu munu taka þátt í viðræðum við bæjinn í tengslum við nýjan samning. Bjarni biður deildirnar að setja niður sínar skoðanir á því að Gróttu taki við rekstri íþróttahúsins, punkti niður kosti og galla.





3. Skráningardagar / greiðslur iðkenda: Gitta biður deildirnar að velja sér skráningadaga svo að álagið á skrifstofunni verði jafnara.
4. Heimasíða: Gitta biður deildirnar að klára fréttirnar alveg, og senda myndir með.
5. Tölvur: Það er verið að vinna í að fá tilboð í tölvur.
6. Handbolta/fótbolta æfing beggja greina: Fram kom á fundinum áhyggjur stjórnarmanna á því að þjálfarar deildanna hvetji börn til að æfa aðeins eina íþrótt. Formenn deilda beðnir um að ræða við þjálfara sína.
7. Önnur mál:

Búningarnir verða pantaðir í lok september.

Silja Úlfarsdóttir verður ráðin til starfa hjá Gróttu og mun hún sjá um þolæfingar hjá yngri flokkunum í öllum deildum í samráði við þjálfara.

Haraldur og Guðjón eru búnir að vera að hitta deildirnar og fara yfir 6 mánaða uppgjör með þeim það verður klárað fyrir lok næstu viku.

